

## REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 598/2009 um útreikning, endurreikning  
og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags.**

1. gr.

4. mgr. 4. gr. orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins er þó heimilt, þegar einstaklingur leggur inn nýja umsókn um bætur frá stofnuninni, að miða útreikning bóta eingöngu við þær tekjur sem áætlað er að aflað verði eftir að bótaréttur stofnast. Unnt er að beita heimild þessari bæði um nýja umsókn um örorkubætur/endurhæfingarlífeyri og um nýja umsókn um ellilífeyri hjá sama einstaklingi, enda sé ekki um samfellt bótatímabil að ræða. Heimildinni verður þó eingöngu beitt einu sinni um útreikning ellilífeyris. Þegar um endurhæfingar- eða örorkulífeyrisþega er að ræða telst umsókn vera ný ef liðin eru meira en tvö ár frá því að síðasta örorkumat rann út eða viðkomandi einstaklingur var í virkri endurhæfingu og/eða fékk greiðslur frá Tryggingastofnum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 12. mgr. 16. gr., sbr. 6. mgr. 55. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 25. nóvember 2013.*

**Eygló Harðardóttir**  
félags- og húsnæðismálaráðherra.

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 16. desember 2013